



## FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR

Fimmtudaginn 18. mars 2021 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar kl 8:30 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Á fundinn voru mætt: Halldór Gunnar Ólafsson, Róbert Kristjánsson, Guðmundur Egill Erlendsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Péturína Laufey Jakobsdóttir og Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri.

Halldór Gunnar Ólafsson oddviti setti fundinn og stjórnaði honum. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

### 1. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir verkefni sem unnið hefur verið að frá síðasta fundi. Skýrslan var flutt munnlega og til kynningar.

### 2. Skilabréf og álit samstarfsnefndar um sameiningu Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar

Í októbermánuði 2020 samþykktu sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar að skipa samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna samkvæmt 1. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Samstarfsnefnd hefur skilað álitinu sínu til sveitarstjórna með skilabréfi dags. 8. mars.

Samstarfsnefndin hefur komið saman á 9 bókuðum fundum. Samstarfsnefnd skipaði 6 starfshópa sem fjölluðu um málaflokka sveitarfélaganna og lögðu fram efni og upplýsingar í greiningu og tillögugerð. Minnisblöð frá vinnu starfshópa eru aðgengileg á vefsíðu verkefnisins og hefur verkefnið verið kynnt á tveimur íbúafundum.

Það er álit Samstarfsnefndar að fram skuli fara atkvæðagreiðsla meðal íbúa sveitarfélaganna um sameiningu sveitarfélaganna fjögurra í eitt. Lagt er til að atkvæðagreiðsla fari fram laugardaginn 5. júní 2021 í öllum sveitarfélögum. Jafnframt



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

leggur nefndin til að samstarfsnefnd verði falið að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum sveitarfélaganna.

Samstarfsnefndin leggur einnig til við sveitarstjórnirnar að þær lýsi því yfir að þær muni ekki nýta heimild í 2. mgr. 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa. Í því felst að hafni íbúar einhvers sveitarfélaganna tillögu um sameiningu í kosningum, munu aðrar sveitarstjórnir ekki taka ákvörðun um sameiningu þeirra sveitarfélaga án þess að hafnar verði nýjar sameiningarviðræður og kosið að nýju.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykkir að atkvæðagreiðsla fari fram 5. júní 2021 og felur samstarfsnefnd að undirbúa atkvæðagreiðslu og kynna tillöguna og helstu forsendur fyrir íbúum. Sveitarstjórn lýsir því yfir að hún mun ekki nýta heimild í 2. mgr. í 120. gr. sveitarstjórnarlaga, komi til þess að sameiningartillaga verði samþykkt af íbúum í hluta sveitarfélaganna, nema að undangengnu samráði við íbúa.

Sveitarstjórn vísar málinu til síðari umræðu sbr. 2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að fylgt verði þeim áherslum sem fram hafa komið á fundum samstarfsnefndar með þingmönnum og ráðherrum varðandi brýn verkefni í atvinnu- og byggðamálum í Austur-Húnavatnssýslu. Svo sem stuðningi við stofnun Umhverfisakademíu, uppbyggingu ferðamannastaða, og fjölgun starfa við innheimtuþjónustu sýslumanns á Blönduósi og Vinnumálastofnunar á Skagaströnd.

Þá er að mati sveitarstjórnar mikilvægt að átak verði gert í viðhaldi héraðs- og tengivega með það fyrir augum að tryggja greiðar samgöngur innan nýs sveitarfélags.

### 3. Umsóknir um rekstur tjaldsvæðis að Höfðahólum

Fyrir fundinum lágu tvær umsóknir um rekstur tjaldsvæðis að Höfðahólum. Annars vegar frá Elínu Ósk Ómarsdóttur og Friðfinni Tómassyni og hins vegar fyrirtækinu Landamerki. Landamerki var með eins árs samning um rekstur tjaldsvæðisins árið 2020.



Sveitarstjórn ræddi fram komnar umsóknir og fól sveitarstjóra að ræða við umsóknaraðila.

#### 4. Bréf

##### a. Íþróttta- og Ólympíusamband Íslands og UMFÍ dags. 25. febrúar 2021

Með bréfinu er vakin athygli á bæklingi sem gefinn var út 2019 og svo endurútfinn 2021. Markmið bæklingisins er að ná betur til foreldra barna og ungmenna af erlendum uppruna og fræða þau um kosti þess að börn og ungmenni séu þátttakendur í skipulögðu íþróttastarfi á Íslandi. Sveitarfélög eru hvött til þess að koma upplýsingunum á framfæri við þá aðila sem starfa eða eru í tengslum við fjölskyldur af erlendum uppruna. Erindið var lagt fram til kynningar.

##### b. SSNV dags. 1. mars 2021

Með erindinu er vakin athygli á því að í samræmi við gr. 8.1. í samþykktum og 14. gr þingskapa SSNV skuli tillögur að breytingum á samþykktum og þingsköpum sendar stjórn a.m.k. þremur vikum fyrir ársþing eða eigi síðar en 26. mars. Var erindið lagt fram til kynningar.

##### c. Jafnréttisstofa dags. 2. mars 2021

Fyrir fundinum lá erindi Jafnréttisstofu þar sem farið er yfir áhrif nýrrar jafnréttislöggjafar á sveitarfélög. Áætlanir sveitarfélaga í jafnréttismálum skulu nú taka til markmiða og aðgerða til að koma í veg fyrir mismunun, ekki eingöngu vegna kyns sbr. lög nr. 150/2020, heldur einnig sbr. lög um jafna meðferð óháð kynþætti og þjóðernisuppruna nr. 85/2018 og lög um jafna meðferð á vinnumarkaði óháð kynþætti, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, skertri starfsgetu, aldri, kynhneigð, kynvitund, kyneinkennum og kyntjáningu nr. 86/2018. Þá hefur einnig verið gerð sú breyting að ekki er lengur kveðið á um skipun sérstakra jafnréttisnefnda heldur skal sveitarstjórn fela byggðaráði eða annarri fastanefnd sveitarfélagsins að fara með jafnréttismál. Erindið var lagt fram til kynningar.

##### d. Hafnasambands Íslands dags. 5. mars 2021

Með erindinu vill Hafnasamband Íslands beina því til hafnaryfirvalda að þau útbúi móttöku fyrir smærri skip og báta með þeim hætti að mögulegt sé að skila flokkuðu sorpi í aðskilin ílát á hafnarsvæðum og/eða fylgi þeim flokkunarreglum sem eru í gildi í viðkomandi sveitarfélagi. Jafnframt mun Hafnasambandið beina þeim áskorunum til móttökuaðila sem



Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

annast þjónustu við skip á hafnarsvæðum að þeir bjóði uppá að taka við flokkuðu sorpi í aðskilin ílát/gáma og tryggi þannig að það verði almenn regla að öll skip og bátar skili frá sér flokkuðum úrgangi og farmleifum þegar þau koma að landi. Erindið var lagt fram til kynningar.

**e. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun dags. 9. mars 2021**

Með erindinu er áréttað að ekki liggi fyrir samþykkt brunavarnaáætlun hjá sveitarfélaginu. Óskað er eftir upplýsingum um það hvort vinna sé hafin við gerð áætlunar og hvenær sveitarfélagið hyggist senda hana inn til umsagnar og/eða samþykktar. Var sveitarstjóra falið að svara erindinu.

**f. SSNV dags. 10. mars 2021**

Með erindinu boðar SSNV til 29. ársþings Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Erindið var lagt fram til kynningar.

**g. Ferðamálastofa dags. 11. mars 2021**

Sveitarfélagið Skagaströnd sótti um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða fyrir verkefnið Gönguleiðir og fuglaskoðun á Spákonufellshöfða. Með erindinu er tilkynnt um að verkefnið hafi ekki hlotið styrk úr sjóðnum. Verkefnið hlaut 23 stig en þau verkefni sem fengu styrki þurftu að ná 26 stigum að lágmarki. Var sveitarstjóri falið að óska eftir rökstuðningi fyrir ákvörðuninni.

**h. Lánasjóður sveitarfélaga dags. 11. mars 2021**

Með erindinu er boðað til Aðalfundar lánasjóðs sveitarfélaga þann 26. mars nk. Var erindið lagt fram til kynningar.

**5. Fundargerðir**

**a. Fræðslunefndar Höfðaskóla dags. 19.10.2020**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**b. Stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 19.02.2021**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**c. Stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 26.02.2021**

Fundargerð lögð fram til kynningar.

**d. Hafnar- og skipulagsnefndar dags. 09.03.2021**

Í fundargerð undir lið 1. b) var eftirfarandi bókað:

*Fyrir fundinum lá tillaga að breytingu á deiliskipulagi að Hólanesi vegna áforma um byggingu sjóbaða. Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir skipulagslýsinguna og leggur til við sveitarstjórn að hún verði afgreidd samkvæmt 40. grein skipulagslaga nr. 123/2010.*

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

Tekin fyrir skipulagslýsing vegna breytingar á deiliskipulagi Hólanessvæðis vegna áforma um byggingu sjóbaða. Sveitarstjórn samþykkir lýsinguna og leggur til að skipulagslýsing verði kynnt opinberlega skv. skipulagslögum nr. 123/2010. Skipulagslýsing verði tekin til meðferðar í samræmi við 40. gr. sömu laga.

Samþykkt samhljóða.

Í fundargerð undir lið 1. c) Er eftirfarandi bókað:

*Fyrir fundinum lá bréf Ólafs Björnssonar lögmanns f.h. Sveitarfélagsins Skagafljarðar er varðar sýslumörk á Skaga milli Skagfirðinga og Húnavetninga. Óskað er eftir fundi með aðilum máls til þess að ræða mögulega úrlausn á landamerkjadeilu. Erindið var lagt fram til kynningar og vísað til afgreiðslu sveitarstjórnar.*

**Afgreiðsla sveitarstjórnar:**

Sveitarstjóra er falið að funda með aðilum máls.

Að öðru leyti var fundargerð lögð fram til kynningar.

**6. Önnur mál**

Ekkert var bókað undir þessum lið.




Sveitarstjórn Skagastrandar  
Fundargerðir

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.10:15


  
Halldór G. Ólafsson

  
Róbert Kristjánsson

  
Kristín B. Leifsdóttir

  
Péturína Laufey Jakobsdóttir

  
Guðmundur Egill Erlendsson

  
Alexandra Jóhannesdóttir